

173
8. ágúst

SAMÞYKKT

um lokun sölubúða í Hveragerði.

1. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðd., og ekki opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu frá þessu vera þær undantekningar, sem hér greinir:

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðd.

Á tímabilinu 15. maí til 15. sept. skal lokunartími á laugardögum vera kl. 12 á hádegi, og á föstudögum kl. 7 síðdegis.

Annar tíma árs skal lokunartími á laugardögum vera kl. 4 síðdegis.

Næsta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa sölubúðir opnar til miðnættis.

2. gr.

Allar sölubúðir, nema brauð- og mjólkursölubúðir, skulu vera lokaðar alla helgidaga þjóðkirkjunnar, svo og sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágústmánuði.

3. gr.

Brauð- og mjólkursölubúðir mega vera opnar alla daga, er um getur í 2. gr., nema stórhátíðisdaga, kl. 10--12 árdegis eingöngu til sölu á brauð- og mjólkurvörum.

4. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á götum, torgum eða annars staðar í þorpinu utan verzlunarhúsa nokkurn þann varning, sem ekki má selja án verzlunarleyfis, nema benzín og olíur.

5. gr.

Lögreglustjóra er heimilt eftir tillögum hreppsnefndar að veita undanþágu frá samþykkt þessari og leyfa sölu vissa daga vegna góðgerðastarfsemi eða annarra almenningsheilla.

6. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum 500—2000 kr., er renna í sveitarsjóð Hveragerðishrepps.

Mál út af brotum samþykktarinnar skal reka sem almenn lögglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Hveragerðishrepps samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 8. ágúst 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jónas Guðmundsson.